

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Samstæðuársreikningur
2018

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
Kt. 690500-2130

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og slökkviliðsstjóra

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. var stofnað á árinu 2000. Það tók við rekstri slökkviliðanna á höfuðborgarsvæðinu frá 1. júní 2000. Í samþykktum byggðasamlagsins segir að tilgangur þess sé að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík (60,8%), Kópavogur (14,4%), Hafnarfjörður (12,2%), Garðabær (6,2%), Mosfellsbær (4,0%) og Seltjarnarnes (2,4%).

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., SHS fasteigna ehf. og almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Rekstrarafgangur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. á árinu 2018 nam 85 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi og eigið fé í árslok nam 2.113 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn byggðasamlagsins leggur til að hagnaður ársins verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Á árinu 2018 störfuðu að meðaltali 183 starfsmenn hjá byggðasamlaginu.


Það er álit stjórnar byggðasamlagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2018 með áritun sinni.


Reykjavík, 29. mars 2019.

Stjórn:


F.h. Reykjavíkurborgar




F.h. Hafnarfjarðarbæjar




F.h. Kópavogsbæjar




F.h. Mosfellsbæjar



F.h. Garðabæjar



F.h. Seltjarnarnesbæjar



Slökkviliðsstjóri



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs.

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. („samstæðan“) fyrir árið 2018. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar á árinu 2018, efnahag hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun sem er framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og við höfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Sturla Jónsson

löggilltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík

29. mars 2019.

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017	Áætlun 2018
Rekstrartekjur				
Rekstrartekjur	2	2.927.709	2.788.648	2.893.488
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	3	2.319.578	2.205.941	2.276.076
Námskeið og verkefni		88.806	85.307	91.043
Viðhald og rekstur tækja og bifreiða		66.167	71.420	71.221
Húsnæðiskostnaður		138.799	135.559	142.480
Annar rekstrarkostnaður		169.853	152.032	162.648
		2.783.203	2.650.259	2.743.468
Afkoma fyrir afskriftir		144.506	138.389	150.020
Afskriftir	5	75.715	80.085	90.981
Afkoma án fjármagnsliða		68.791	58.304	59.039
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	16.335	13.713	(12.767)
Leiðrétting lána			263.452	
Afkoma fyrir tekjuskatt		85.126	335.470	46.272
Afkoma ársins	9	85.126	335.470	46.272

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		1.765.329	1.760.480
Bifreiðar		67.734	67.665
Áhöld og tæki		83.509	93.496
Hugbúnaður		5.045	581
Fastafjármunir	5	<u>1.921.617</u>	<u>1.922.222</u>
Aðrar langtímaeignir			
Fyrirframgreidd framlög til Brúar lífeyrissjóðs	17b	<u>156.913</u>	<u>169.971</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	12	165.586	127.787
Aðrar skammtímakröfur	12	12.277	10.604
Handbært fé		497.746	494.638
Veltufjármunir		<u>675.609</u>	<u>633.028</u>
Eignir samtals		<u><u>2.754.139</u></u>	<u><u>2.725.222</u></u>

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2018	2017
Eigið fé			
Stofnfé		1.632.967	1.632.967
Óráðstafað eigið fé		479.533	394.406
Eigið fé	8,9	<u>2.112.500</u>	<u>2.027.373</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	11	<u>216.250</u>	<u>220.554</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		72.082	84.772
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	11.162	10.537
Skattar ársins			
Aðrar skammtímaskuldir	13	<u>342.145</u>	<u>381.985</u>
		<u>425.389</u>	<u>477.294</u>
Skuldir samtals		<u>641.639</u>	<u>697.848</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.754.139</u></u>	<u><u>2.725.222</u></u>

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Sjóðstreymisýfirlit 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	9	85.126	335.470
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	75.714	80.085
Gengismunur og verðbætur lána	4	7.321	4.018
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		803	131
Tekjuskattur			
Veltufé frá rekstri		168.964	419.704
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, breyting	13	(32.443)	(10.027)
Skammtímaskuldir, breyting	12	(52.531)	(65.750)
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting	17b	6.028	(169.971)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(78.946)	(245.748)
Handbært fé frá (til) rekstri		90.018	173.956
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í fasteignum		(48.296)	
Fjárfesting í bifreiðum		(10.471)	(12.049)
Seldar bifreiðar og tæki		9.692	290
Fjárfesting í áhöldum og búnaði		(26.837)	(22.172)
Fjárfestingarhreyfingar	5	(75.911)	(33.931)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(10.999)	(10.403)
Fjármögnunarhreyfingar		(10.999)	(10.403)
Breyting á handbæru fé		3.108	129.623
Handbært fé í ársbyrjun		494.638	365.015
Handbært fé í árslok		497.746	494.638

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur að geyma samstæðureikning byggðasamlagsins og dótturfélaga. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi byggðasamlagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli samstæðufélaga, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

b. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2018. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

c. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af tekjum frá eignaraðilum, sölu á þjónustu, ýmsum sértekjum og húsaleigutekjum.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Fasteign	50 ár
Bifreiðar	10 ár
Áhöld og tæki	5 - 10 ár
Hugbúnaður	5 ár

f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

g. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2018	2017
Tekjur frá eignaraðilum til rekstrar	1.465.298	1.416.874
Tekjur frá eignaraðilum í fjárfestingasjóð	103.367	103.367
Tekjur frá eignaraðilum til almannavarna	7.823	7.569
Tekjur vegna sjúkraflutninga	1.164.445	1.084.375
Aðrar sértekjur	75.347	67.686
Húsaleigutekjur	111.428	108.777
Samtals	2.927.709	2.788.648

Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Laun	1.896.519	1.729.518
Önnur launatengd gjöld	482.373	503.981
Áfallinn launakostnaður, breyting ársins	(59.314)	(27.559)
Launatengd gjöld og kostnaður	2.319.578	2.205.941

Á meðal annarra launatengdra gjalda eru gjaldfærðar 6 m.kr. vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóðs. Vísað er í skýringu 17b varðandi frekari umfjöllun um uppgjörð.

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf 183 161

Laun og þóknar til stjórnar og stjórnenda námu alls 59,8 m.kr. á árinu 2018 (2017: 64,3 m.kr.).

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur og verðbætur	7.681	25.670
Vaxtagjöld og verðbætur	(14.663)	(12.014)
Gengismunur	23.317	11
Samtals	16.335	13.667

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign og lóðir	Bifreiðar	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2018.....	2.156.669	346.672	431.925	23.126	2.958.392
Afskrifað áður	(396.189)	(279.006)	(338.429)	(22.545)	(1.036.169)
Bókfært verð 1.1.2018	1.760.480	67.666	93.496	581	1.922.223
Viðbót á árinu.....	48.295	10.471	21.626	5.210	85.603
Selt á árinu.....	(2.000)	(9.512)		(11.512)	
Afskrift færð út á árinu.....	417	601			1.017
Afskrifað á árinu.....	(43.446)	(8.820)	(22.702)	(746)	(75.714)
Bókfært verð 31.12.2018	1.765.329	67.734	83.509	5.045	1.921.617
Heildarverð 31.12.2018...	2.204.964	355.143	444.039	28.336	3.032.483
Afskrifað	(439.635)	(287.409)	(360.530)	(23.291)	(1.110.866)
Bókfært verð 31.12.2018	1.765.329	67.734	83.509	5.045	1.921.617

6. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat, váttryggingarverð og bókfært verð í árslok 2018 er eftirfarandi:

	Fasteignamat	Lóðamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Skógarhlíð 14	1.472.750	236.100	2.205.209	853.733
Tunguháls 13	166.700	36.700	261.169	80.960
Skútahraun 6	268.020	68.950	458.149	214.682
Skarhólabraut	293.050	91.050	509.615	615.954
	2.200.520	432.800	3.434.142	1.765.329

Heildarváttryggingarverðmæti allra fasteigna er það sama og brunabótamatið eða rúmir 3,4 milljarðar.

Skýringar, frh.:

7. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Hlutdeild í afkomu	Nafnverð	Bókfært verð
SHS fasteignir ehf.	100,0%	85.775	469.300	434.499
Almannavarnanefnd höfuðborgarsv.	100,0%	(3.422)		
		82.353	469.300	434.499

8. Stofnfé

Samkvæmt stofnsamningi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. miðast stofnframlög eigenda við hlutfallslegan íbúafjölda aðildarsveitafélaga. Í lok árs 2018 skiptist stofnfé með eftirfarandi hætti:

	Hlutfall	Stofnfé
Reykjavíkurborg	60,8%	993.124
Kópavogur	14,4%	235.624
Hafnarfjörður	12,2%	199.814
Garðabær	6,2%	101.203
Mosfellsbær	4,0%	64.448
Seltjarnarnes	2,4%	38.754
	100,0%	1.632.967

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	1.632.967	394.407	2.027.374
Afcoma ársins		85.126	85.126
Eigið fé 31.12.2018	1.632.967	479.533	2.112.500

10. Skattamál

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. eða dótturfélög þess greiða ekki tekjuskatt vegna rekstrarársins 2018.

11. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt með föstum vöxtum 3,19%	227.412	231.090
Næsta árs afborgun	(11.162)	(10.537)
Langtímaskuldir samtals	216.250	220.554

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	11.162	10.537
Árið 2020	11.162	10.537
Árið 2021	11.162	10.537
Árið 2022	11.162	10.537
Árið 2023	11.162	10.537
Árið 2024	11.162	10.537
Síðar	160.440	167.871
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	227.412	231.090

Skýringar, frh.:

12. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast þannig:

	2018	2017
Viðskiptakröfur vegna sjúkraflutninga	135.800	102.000
Aðrar viðskiptakröfur	31.286	27.287
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.500)	(1.500)
	165.586	127.787

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:

Virðisaukaskattur	4.257	3.496
Aðrar kröfur	8.020	7.108
	12.277	10.604

13. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:

	2018	2017
Ógreidd laun og launatengd gjöld	50.230	49.335
Skuldbinding vegna frítökuréttar og aðrar áfallnar launaskuldbindingar	15.774	53.171
Áfallið orlof og aðrar skuldbindingar	184.318	194.158
Áfallinn starfslokakostnaður		16.369
Staðgreiðsla skatta o.fl.	55.422	55.158
Aðrar skammtímaskuldir	36.401	13.794
	342.145	381.985

14. Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins starfar eftir lögum um almannavarnir nr. 82 frá 2008. Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Starfsemi nefndarinnar er kostuð af sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Rekstur nefndarinnar á árinu greinist þannig:

	2018	2017
Framlög sveitarfélaga	7.823	7.569
Laun og launatengd gjöld	7.206	9.836
Menntun og verkefni	567	2.188
Sameiginlegur kostnaður	3.472	3.357
	11.245	15.381

15. Þóknun til endurskoðanda

Á árinu 2018 nam þóknun til endurskoðanda félagsins 3,6 m.kr. fyrir endurskoðun ársreiknings.

16. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn, stjórnendur, makar þeirra, ólöggráða börn og félög í þeirra eigu eða undir þeirra stjórn teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

Skýringar, frh.:

17. Önnur mál

a. Starfsmannamál

Samkvæmt lögum um brunavarnir verða slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun að hafa staðist læknisskoðun, þrekpróf, þolpróf og aðra mælingu líkamsástands. Einnig eru ákvæði í lögum, reglugerðum eða leiðbeiningum sem meina eða leysa slökkviliðsmenn undan þeirri starfsskyldu að stunda reyk- og/eða efnaköfun við ákveðinn aldur. Þessi ákvæði ásamt öðrum þáttum sem fylgja starfi þeirra kalla á möguleika á léttari vinnu og/eða að flýta þurfi starfslokum. Tilfærsla í starfi eða hlutastarfi fyrir þennan hóp stendur ekki alltaf til boða og er íþyngjandi rekstrarlega séð fyrir slökkviliðið. Slökkviliðið hefur því reynt að gera starfslokasamninga við nokkra starfsmenn á hverju ári.

Á árinu 2015 voru gjaldfærðar samtals 115 m.kr. vegna frítökuréttar starfsmanna sem safnast höfðu upp á sjö árum auk annarra áfallinna launaskuldbindinga. Í lok árs 2018 stendur skuldbindingin í 15,8 m.kr.

b. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Á árinu 2017 greiddi Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins samtals um 232 m.kr. vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Uppgjörið er tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem samþykkt var á Alþingi með lögum nr. 127/2016. Meðal breytinga er að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verður aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Samkvæmt samkomulagi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við Brú lífeyrissjóð er framlagið þrískipt:

- 60 m.kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 156 m.kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka, gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 16 m.kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Staðan á fyrirframgreiðslu í lífeyrisaukasjóð og jafnvægisjóð stendur í um 163 m.kr. í árslok og þar af eru 157 m.kr. færðar meðal langtímaeigna en 6 m.kr. meðal skammtímaeigna.

